

REGLUGJÖRÐ

um

8
17. febr.**viðanka við reglugjörð 5. nóv. 1914 fyrir Árnessýslu
um grenjaleitir og refaveiðar.**

Aftan við 5. gr. refaveiðareglugjörðarinnar bætist ný málsgrein svo-
hljóðandi:

Andvirði seldra yrðlinga fellur til þeirra, sem kosta leit og vinslu
grenja.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt
samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hjermeð samkvæmt
lögum nr. 48, 28. nóv. 1919 til að öðlast gildi 1. mars 1926 og birtist til
eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. febr. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

9
20. febr. og Þuríðar Einarsdóttur frá Kýrunnarstöðum í Hvammshreppi í Dalasýslu,
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra
20. febr. 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð hjónanna Ásgeirs Jónssonar og Þuríðar Einarsdóttur
frá Kýrunnarstöðum í Hvammshreppi í Dalasýslu.**

1. gr.

Sjóðurinn beri ávalt ofanritað nafn. Hann er gjöf hjónanna til Hvamms-
hrepps á dánardægri þeirra, en afhentur af erfingjum árið 1916 til ávöxt-
unar í Sparisjóði Dalasýslu, þá að upphæð kr. 300,00 — þrjú hundruð
krónur —.